

# Skólaráðsfundur 9.10.2025

Mættir: Atli Már Jónsson, Jón Bjartur Atlason, Ólafur Vilhelm Jónsson, Harpa Guðrún Baldvinsdóttir, Ragnar Norðfjörð, Fiona Oliver, Loftur Guðmundsson

Fundarritari: Vala Nönn

1. Starfsáætlun skólaráðsins fyrir veturinn 25-26, kynnt
2. Handbók um skólaráð dreift
3. Starfsáætlun Víkurskóla kynnt og samþykkt með fyrirvara um kafla sem eiga eftir að koma frá foreldrafélagi og heildaráætlun um stoðþjónustu.
4. Sagt frá fjárhagsstöðu skólans sem er góð við erum réttu megin við núllið. Verið er að skoða húsgögn í stærðfræðistofur sem koma vonandi í hús fyrir áramót. Það er verið að meta og skoða þörfina fyrir stuðningsfulltrúa. Við höfum verið að endurnýja eitt og annað sem er úr sér gengið. Það stendur til að bæta við í náttúufræðistofuna Veronica skoðar hvar helst er þörf.
5. Önnur mál
  - a) Víkurskóli var tilnefndur til Íslensku menntaverðlaunanna og svo var samkeppni í myndlist með yfirskriftinni *Hvað er friður fyrir þér* og af fimm verkum sem fá viðurkenningu og verða sýnd á sýningu í Ráðhúsinu, eru þrjú verk frá okkur. Flottur árangur hjá okkar fólki.
  - b) Rætt um stærðfræðikennsluna og Loftur sagði frá því að nemendur hefðu komið með gagnrýni á fyrirkomulag varðandi kunnáttukannanir. Nemendur fóru af stað með undirskriftalista, mjög málefnalega og vel af þessu staðið hjá nemendum. Í kjölfarið ætla stærðfræðikennarar að breyta fyrirkomulaginu á fyrirlögnum.
  - c) Rætt um kunnáttukortin sem tekur smá tíma fyrir nemendur og foreldra að átta sig á - nú stendur til að útbúa stutt myndbönd með útskýringum.
  - d) Fyrirspurn frá nemanda um hvort það væri hægt að setja tónlist inn í lotur í tíunda bekk eftir áramót - þannig að nemendur velji sér tónlistarlotu og þannig verði þeir áhugasömustu um tónlist í þeim lotum. Góð hugmynd og málið verður skoðað.
6. Fundi slitið kl. 9:05